

**PFAFF®**



ambition™ line

Leiðarvísir

# ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

## Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

## Öryggisatriði

- Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem hafa ekki til þess kunnáttu eða reynslu, nema að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.
- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki að saumavélinni.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni («0») þegar unnið er nálægt nálarsvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísi vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.



Vinsamlegast athugið að þegar þessari vél verður fargað, verður að gera það á öruggan hátt og samræmi við endurvinnslu reglugerðir á raftækjum þess lands sem þið dveljið í. Ef í vafa hafið þá samband við PFAFF® umboðið á staðnum.

# Til hamingju

Til hamingju með nýju PFAFF® saumavélina. Nú hefur þú eignast saumavél sem uppfyllir nýjustu kröfur bæði hvað útlit, tækni og gæði varðar, og því er ekkert því til fyrirstöðu að þú látir saumadrauma þína rætast.

Vinsamlegast lestu þessar leiðbeiningar áður en þú ferð að nota vélina. Þá munt þú komast að raun um hvernig þú getur notað vélina á sem bestan hátt. Umboðsaðili okkar á þínum stað er ávallt reiðubúinn að veita þér alla þá aðstoð sem þú óskar eftir.

PFAFF® ambition™ saumavélin mun örugglega veita þér gleði við saumaskap í framtíðinni.


*Ath: Við munum ýmist fjalla um vélarnar í þessum leiðarvísir undir fullu nafni eða bara sem 1.5 og 1.0.*

## Innihald

|                                        |            |                                |            |
|----------------------------------------|------------|--------------------------------|------------|
| <b>Inngangur</b>                       | <b>1:4</b> | <b>Saumað</b>                  | <b>3:1</b> |
| Yfirlit yfir vél                       | 1:4        | Saumaaðgerð - yfirlit (1.5)    | 3:1        |
| Fylgihlutir                            | 1:6        | Saumur valinn                  | 3:1        |
| Yfirlit yfir sauma                     | 1:7        | Saumaaðgerð - yfirlit (1.0)    | 3:2        |
| Stafróf                                | 1:10       | Saumur valinn                  | 3:2        |
| <b>Undirbúningur</b>                   | <b>2:1</b> | Upplýsingar um sauma           | 3:2        |
| Vélin tekin upp                        | 2:1        | Stillingar á saumum            | 3:3        |
| Vélin tengd við rafmagn                | 2:1        | Heftingar - valkostir          | 3:5        |
| Gengið frá að saum loknum              | 2:1        | Vista persónulegan saum        | 3:6        |
| Fríarmurinn                            | 2:2        | Hlaða inn persónulegan saum    | 3:6        |
| Botnplatan stillt                      | 2:2        | Saumataekni                    | 3:7        |
| Vélin sett í saumavélaborð             | 2:2        | Priggja þrepa zik zak saumur   | 3:7        |
| Tvinnahnífur                           | 2:2        | Hnappagöt                      | 3:7        |
| Keflispinnar                           | 2:2        | Töluáfesting                   | 3:8        |
| Vélin þrædd                            | 2:3        | Ístopp og viðgerðir            | 3:9        |
| Præðari fyrir nál                      | 2:4        | Sauma falda á þykk efni        | 3:9        |
| Præðing fyrir tvíburanál               | 2:4        | Bútasaurur                     | 3:10       |
| Spólað á spóluna                       | 2:5        | Blindfaldur                    | 3:11       |
| Spólan sett í vélina                   | 2:6        | Rennilásar                     | 3:11       |
| Innbyggðri efri flytjarinn             | 2:6        | Algengir sprettigluggar        | 3:12       |
| Þrýstingur á saumfót                   | 2:7        | <b>Saumaraðir</b>              | <b>4:1</b> |
| Tvinnaspennan                          | 2:7        | Yfirlit                        | 4:1        |
| Nálar                                  | 2:8        | Hanna saumaröð                 | 4:1        |
| Skipt um nálar                         | 2:9        | Stafróf notað                  | 4:2-4:3    |
| Flytjarinn tekinn úr sambandi          | 2:9        | Stilla sauma                   | 4:4        |
| Fótlyftir                              | 2:9        | Eyða saum eða staf úr saumaröð | 4:4        |
| Skipt um saumfót                       | 2:9        | Sameina texta við skrautsauma  | 4:5        |
| Hnappar fyrir ambition™ 1.5 vélina     | 2:10       | Stjórn á saumaröðum            | 4:5        |
| Snertiskjár fyrir ambition™ 1.5 vélina | 2:11       | Vista saumaröð                 | 4:5        |
| Hnappar fyrir ambition™ 1.0 vélina     | 2:12       | Hlaða inn saumaröð             | 4:6        |
| Skjáriinn á ambition™ 1.0 vélinni      | 2:13       | Sauma saumaröð                 | 4:6        |
| Stillingar                             | 2:14       | <b>Viðhald á vél</b>           | <b>5:1</b> |
|                                        |            | Hreinsa vélina                 | 5:1        |
|                                        |            | Skipt um stingplötu            | 5:1        |
|                                        |            | Truflanir og ráð við þeim      | 5:2        |

# Inngangur

## Yfirlit yfir vél




### Framan frá

1. Lok með mynd af saumum
2. Þræðiraufar
3. Hraðastilling
4. Tvinnahnífur
5. Díóðuljós
6. Innbyggður þræðari fyrir nál
7. Armur fyrir hnappagöt
8. Nálstöng
9. Stingplata
10. Lok yfir spólu
11. Stýring fyrir undirtvinna
12. Fótlyfta
13. Skrúfa fyrir nál
14. Stýring fyrir yfirtvinna
15. Fótstöng með fóthöldu
16. Saumfótur
17. Fríarmur
18. Hnappar og snertiskjár (ambition™ 1.5)
19. Handhjól
20. Hnappar og skjár (ambition™ 1.0)


## Efri hlutar

21. Stillir fyrir þrýsting á saumfót
22. Tvinnastýringar
23. Skífur fyrir tvinnakefli
24. Gat fyrir aukakeflispinna
25. Armur fyrir spólara og spindill á spólara
26. Þráðgjafi
27. Skífur í tvinnaspennu
28. Stillir fyrir tvinnaspennu
29. Tvinnaspenna fyrir spólara
30. Skjápenni (ambition™ 1.5)
31. Tvinnahnífur fyrir spólara



## Aftan frá


32. Aðalrofi, tenglar fyrir rafmagn og mótstöðu
33. Handfang
34. Fótlyftir
35. Efri flytjarinn IDT™
36. Renniloki til að taka flytjara úr sambandi



## Hólf fyrir fylgihluti

Hólfíð fyrir fylgihlutina er með sérstök hólf fyrir saumfætur og spólur, auk rýmis fyrir nálar og aðra fylgihluti. Geymið fylgihlutina ávallt í hólfinu þannig að þeir séu ávallt til reiðu.


37. Rými fyrir fylgihluti
38. Fjarlægjanlegur bakki fyrir saumfætur
39. Fjarlægjanlegur bakki fyrir spólur



## Fylgihlutir

sem fylgja vélinni

40. Spólur (5) (#416475801)
41. Filtskífur
42. Skrufjárn fyrir stingplötu
43. Alhliða verkfæri
44. Skífur fyrir tvinnakefli, stórar (2)
45. Skífur fyrir tvinnakefli, litlar,
46. Sprettihnífur og bursti (sambyggt)
47. Skjápenni (ambition™ 1.5)
48. Jaðarstýring
49. Aukalegur keflispinni



## Fylgihlutir - ekki í mynd

- Fót mótstaða
- Rafmagnsleiðsla
- Nálar
- Lok yfir vél

## Saumfætur

|  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
|--|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | <b>Alhliða saumfótur OA með rauf fyrir efri flytjara (er á vél við afhendingu)</b><br>Þessi fótur er aðallega notaður við beina sauma og zik zak með sporlengd lengri en 1.0 mm.                                                                                                                               |
|  | <b>Útsaumsfótur 1A fyrir efri flytjara</b><br>Rauf er undir fætinum þannig að hann flýtur vel yfir saumana.                                                                                                                                                                                                    |
|  | <b>Útsaumsfótur 2A</b><br>Hentar vel fyrir skrautsauma sem eru saumaðir með minni sporlengd en 1 mm. Eins og fótur 1A en ekki fyrir efri flytjara.                                                                                                                                                             |
|  | <b>Blindsaumfótur 3 einnig fyrir efri flytjara.</b><br>Táin á fætinum stýrir efninu inn í hann. Rauða stýringin rennur meðfram brotbrún efnisins.                                                                                                                                                              |
|  | <b>Rennilásafótur 4 einnig fyrir efri flytjara.</b><br>Hægt er að smella þessum fæti á fóthölduna hvort sem er vinstra eða hægra megin við nálina, sem gerir auðvelt að sauma þétt upp við lásinn beggja megin. Færið nálastöðuna til hægri eða vinstri þannig að vélin saumi þétt upp við tennurnar á lásnum. |
|  | <b>Eins þrepshnappagatafótur 5B</b><br>Þessi fótur er með bil aftan á þar sem hægt er að setja töluna sem nota á. Vélin saumar þá stærð á hnappagati sem hentar þessari tölu.                                                                                                                                  |

Áríðandi: Fullvissið ykkur um að efri flytjarinn sé ekki í sambandi þegar þið notið saumfætur 2A, 5B.

# Yfirlit yfir sauma

## Nytjasaumar

| Saumur                                                                              | Númer |     | Nafn                                    | Lýsing                                                                                                                                                          |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-------|-----|-----------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                                     | 1.5   | 1.0 |                                         |                                                                                                                                                                 |
|    | 1     | 1   | Beint spor                              | Fyrir alla beina sauma og stungusaum. Hægt er að velja 29 mismunandi nálarstöður. <i>Ath: Þetta spor er með sterkari heftingar en saumar 46 (35 fyrir 1.0).</i> |
|    | 2     | 2   | Teygjanlegur þriggja þrepa beinn saumur | Fyrir sauma sem mikið reynir á og jaðarstungur                                                                                                                  |
|    | 3     | 3   | Beint spor afturábak                    | Saumar stöðugt afturábak.                                                                                                                                       |
|    | 4     | -   | Þræðispor                               | Saumar aðeins eitt spor í einu. Snertið fótmótstöðuna til að sauma eitt spor og færið efnið síðan eins og þið viljið - endurtakið að vild                       |
|    | 5     | 4   | Zik zak spor                            | Styrkja sauma, kasta jaðra, festa blúndur o.fl.                                                                                                                 |
|    | 6     | 5   | Zik zak spor                            | Styrkja sauma, kasta jaðra, sauma teygjanleg efni.                                                                                                              |
|    | 7     | 6   | Zik zak spor                            | Fyrir applíkeringar, kóssa o.fl.                                                                                                                                |
|    | 8     | 7   | Teygjanlegt þrefalt zik zak spor        | Teygjanlegt spor fyrir skrautlega falda og jaðarstungur.                                                                                                        |
|    | 9     | 8   | Þriggja þrepa zik zak                   | Sauma teygjur á efni, viðgerðir og setja í bætur.                                                                                                               |
|   | 10    | 9   | Teygjanlegt spor.                       | Sauma teygjur á efni, viðgerðir og setja í bætur.                                                                                                               |
|  | 11    | -   | Þrefalt teygjanlegt spor                | Sauma teygjur á efni, viðgerðir, setja í bætur og skrautsauma.                                                                                                  |
|  | 12    | 10  | Vöflusaumur                             | Skrautlegur saumur fyrir teygjanleg efni. Einnig notaður með gúmmíþráð á spólunni.                                                                              |
|  | 13    | 11  | Fjaðrasaumur                            | Fallegur saumur t.d. á jaðra þar sem tvö efni mætast.                                                                                                           |
|  | 14    | 12  | Teygjanlegt skrautspor                  | Tengisaumur fyrir undirfatnað, frotté efni og fyrirferðarmikil efni.                                                                                            |
|  | 15    | 13  | Króksaumur                              | Teygjanlegur faldsaumur fyrir teygjanleg efni.                                                                                                                  |
|  | 16    | 14  | Blindföldunarspor                       | Fyrir blindfalda á ofin efni.                                                                                                                                   |
|  | 17    | 15  | Teygjanlegt blindföldunarspor           | Fyrir blindfalda á teygjanleg efni                                                                                                                              |
|  | 18    | 16  | Teygjanlegt þrjónlesspor                | Fyrir sauma á teygjanleg efni                                                                                                                                   |
|  | 19    | 17  | Lokaður overlocksaumur                  | Til að sauma efni saman og kasta jaðra í einum saum.                                                                                                            |
|  | 20    | -   | Lokaður overlocksaumur                  | Sauma saman og kasta jaðra í einum saum                                                                                                                         |
|  | 21    | 18  | Lokaður overlocksaumur                  | Sauma og kasta jaðra í einum saum. Með jaðarþræði.                                                                                                              |
|  | 22    | -   | Teygjanlegur saumur og kastsaumur       | Sauma og kasta jaðra á teygjanlegum efnum í einum saum.                                                                                                         |
|  | 23    | 19  | Venjulegur saumur og kastsaumur         | Sauma og kasta jaðra á teygjanlegum efnum í einum saum. Er með jaðarþræði.                                                                                      |

| Saumur                                                                              | Númer |     | Nafn                                              | Lýsing                                                                                   |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-------|-----|---------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                                     | 1.5   | 1.0 |                                                   |                                                                                          |
|    | 24    | -   | Overlock saumur                                   | Saumar saman og gengur frá jöðrum um leið.                                               |
|    | 25    | 20  | Lokaður overlocksaurmur                           | Saumar saman og gengur frá jöðrum á teygjanlegum efnum í einum saum.                     |
|    | 26    | -   | Teygjanlegur peysusaumur                          | Saumar og gengur frá jöðrum í einum saum.                                                |
|    | 27    | -   | Lokaður overlocksaurmur                           | Saumar saman og gengur frá jaðri á teygjanlegum efnum í einum saum og er með jaðarþræði. |
|    | 28    | -   | Lokaður overlock-saumur með jaðarþræði            | Saumar og kastar jaðra á teygjanlegum efnum í einum saum og er með jaðarþræði.           |
|    | 29    | -   | "Mock" þekju faldsaumur                           | Saumur með iðnaðarútliti fyrir falda á teygjanlegum efnum.                               |
|    | 30    | -   | Opinn overlock blindfaldur                        | Skrautlegur overlock blindfaldur á ofin efni.                                            |
|    | 31    | 21  | Lokaður overlock blindfaldur                      | Skrautlegur overlock blindfaldur fyrir teygjanleg efni.                                  |
|    | 32    | 22  | Hnappagöt á léreft                                | Hnappagöt fyrir blússur, skyrtur og léreft.                                              |
|    | 33    | 23  | Venjuleg hnappagöt                                | Venjuleg hnappagöt fyrir blússur, skyrtur, jakka og sængurfatnað.                        |
|    | 34    | 24  | Afrúnuð hnappagöt með langsum heftingu            | Hnappagöt fyrir ýmsar flíkur.                                                            |
|   | 35    | 25  | Augahnappagat með hala-heftingu                   | Klæðskera eða skrauthnappagat.                                                           |
|  | 36    | 26  | Augahnappagat með langsum heftingu                | Klæðskera hnappagat fyrir jakka og buxur.                                                |
|  | 37    | 27  | Afrúnað hnappagat beggja megin                    | Hnappagat fyrir flíkur og jakka úr þunnum efnum.                                         |
|  | 38    | 28  | Teygjanlegt hnappagat                             | Hnappagöt fyrir teygjanleg efni.                                                         |
|  | 39    | 29  | Töluáfesting                                      | Festa tölur á flíkur og einnig fyrir heftingar.                                          |
|  | 40    | 30  | Kóssar                                            | Aldamótasaumur og skrautlegir kóssar.                                                    |
|  | 41    | 31  | Forritanlegir ístopps saumar                      | Til að gera við göt og skemmd efni.                                                      |
|  | 42    | 32  | Forritanlegir ístopps saumar með styrktum sporum. | Til að gera við göt og skemmd í efnum með styrktum sporum.                               |
|  | 43    | 33  | Heftingar                                         | Sjálfvirkar heftingar fyrir sauma og vasa.                                               |
|  | 44    | 34  | Heftingar fyrir gallabuxnaefni                    | Sjálfvirkar heftingar fyrir sauma og vasa á gallabuxnaefnum.                             |
|  | 45    | -   | Skraut heftingar                                  | Sjálfvirkar heftingar fyrir sauma og vasa á skrautlegan hátt.                            |

## Bútasaumsspor

| Saumur |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |
|--------|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|
| 1.5    | 46 | 47 | 48 | 49 | 50 | 51 | 52 | 53 | 54 | 55 | 56 | 57 | 58 | 59 | 60 | 61 | 62 | 63 | 64 | 65 | 66 | 67 | 68 |
| 1.0    | 35 | -  | 36 | 37 | 38 | -  | 39 | -  | 40 | -  | 41 | 42 | 43 | 44 | 45 | -  | 46 | 47 | 48 | -  | 49 | -  | -  |

| Saumur |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |
|--------|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|
| 1.5    | 69 | 70 | 71 | 72 | 73 | 74 | 75 | 76 | 77 | 78 | 79 | 80 | 81 | 82 | 83 |
| 1.0    | 50 | 51 | 52 | -  | 53 | 54 | 55 | -  | 56 | 57 | 58 | 59 | 60 | 61 | -  |

## Skrautsaumar

| Saumur |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |    |     |     |     |     |     |     |     |
|--------|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| 1.5    | 84 | 85 | 86 | 87 | 88 | 89 | 90 | 91 | 92 | 93 | 94 | 95 | 96 | 97 | 98 | 99 | 100 | 101 | 102 | 103 | 104 | 105 | 106 |
| 1.0    | 62 | -  | -  | 63 | 64 | 65 | 66 | 67 | 68 | 69 | 70 | -  | 71 | -  | 72 | 73 | -   | 74  | 75  | -   | -   | 76  | 77  |

| Saumur |     |     |     |     |     |     |
|--------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| 1.5    | 107 | 108 | 109 | 110 | 111 | 112 |
| 1.0    | -   | 78  | 79  | -   | -   | -   |

## Flatsaumar

| Saumur |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |
|--------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| 1.5    | 113 | 114 | 115 | 116 | 117 | 118 | 119 | 120 | 121 | 122 | 123 | 124 | 125 | 126 | 127 | 128 | 129 | 130 | 131 | 132 | 133 | 134 | 135 |
| 1.0    | 80  | 81  | -   | 82  | -   | 83  | 84  | -   | 85  | 86  | -   | 87  | -   | 88  | 89  | 90  | 91  | -   | 92  | 93  | 94  | -   | 95  |

## Skrautsaumar

| Saumur |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |
|--------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| 1.5    | 136 | 137 | 138 | 139 | 140 | 141 | 142 | 143 | 144 | 145 | 146 | 147 | 148 | 149 | 150 | 151 | 152 | 153 | 154 | 155 | 156 | 157 | 158 |
| 1.0    | -   | 96  | -   | 97  | 98  | -   | -   | 99  | 100 | 101 | 102 | -   | -   | 103 | 104 | 105 | 106 | 107 | -   | 108 | -   | -   | 109 |

| Saumur |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |     |
|--------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| 1.5    | 159 | 160 | 161 | 162 | 163 | 164 | 165 | 166 | 167 | 168 | 169 | 170 | 171 | 172 | 173 | 174 | 175 | 176 | 177 | 178 | 179 | 180 | 181 |
| 1.0    | 110 | 111 | -   | 112 | -   | -   | 113 | 114 | 115 | 116 | -   | -   | 117 | 118 | 119 | -   | 120 | 121 | 122 | 123 | 124 | -   | 125 |

| Saumur |     |     |     |     |     |     |     |     |
|--------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| 1.5    | 182 | 183 | 184 | 185 | 186 | 187 | 188 | 189 |
| 1.0    | 126 | -   | 127 | -   | 128 | 129 | -   | 130 |

## Tækni- saumar

| Saumur |     |     |     |     |     |     |
|--------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| 1.5    | 190 | 191 | 192 | 193 | 194 | 195 |
| 1.0    | 131 | 132 | 133 | 134 | 135 | 136 |

Stafróf

A/a Blokkstafir

A B C D E F G H I J K L M N O P Q R S T U V W X Y Z  
a b c d e f g h i j k l m n o p q r s t u v w x y z  
Ă Ą Å Æ Ñ Ü Ö Ø Ç Ğ İ Ş ã ä å æ ç è é ê í ñ ó ü ö  
ø ú û ß ħ ĩ ş 0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 & ? ! " , . @ - \_  
 \ ; ' \_ Œ É € \$ % & ' à ã | î ï ò ô õ œ ù @ % / + = °  
 \* ^ ˇ ~ \ ı ı /

Á Útlínustafir (ambition™ 1.5)

A B C D E F G H I J K L M N O P Q R S T U V W X Y Z  
0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 . , ; ' - \_ & ? ! Å Ä Æ Ö Ø Œ U É Ñ ß Ç Ğ İ Ş

Ä Skrifstafir (ambition™ 1.5)

A B C D E F G H I J K L M N O P Q R S T  
U V W X Y Z 0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 . , ; ' + = % / \ \* " \$  
 ? ! - \_ Ä Å Æ Ö Ø Œ U É Ñ ß Ç Ğ İ Ş

Б Кíriliskir stafir

А Б В Г Д Е Ё Ж З И Й К Л М Н О П Р С Т У Ф Х Ц Ч  
Ш Щ Ъ Ы Ь Э Ю Я 1 2 3 4 5 6 7 8 9 0 & ? ! , . \_ \ / ©  
 \$ % € % : ; ` ' \* = - +

# Undirbúningur

## Vélin tekin úr umbúðunum

1. Setjið kassann á stöðugan og flatan flöt. Lyftið vélinni úr kassanum, fjarlægið allar ytri pakkingar og fjarlægið lokið yfir vélinni.
2. Fjarlægið allar pakkingar og plastpokann.

## Tengið vélina við rafmagn

Á meðal fylgihluta finnið þið rafmagnssnúruna og fótómótstöðuna. Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar þið eruð ekki að nota hana.


*Ath: Hafið samband við tæknimann ef þið eruð í vafa hvernig eigi að tengja vélina. Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar þið eruð ekki að nota hana.*

Fyrir þessa vél verður að nota fótómótstöðu C-9002 sem er framleidd af CHIENHUNG TAIWAN., LTD.

1. Tengjið fótómótstöðuna í fremri og neðri tengilinn á hlið vélarinnar (A).
2. Tengjið rafmagnsleiðsluna í aftari tengilinn á hlið vélarinnar (B). Stingið síðan hinum endanum í rafmagnstengil.
3. Ýtið á aðalrofan ON/OFF þannig að hann sé á ON og þá kviknar á ljósi vélarinnar (C).


## Gengið frá að saum loknum

1. Slökkvið á aðalrofanum þannig að hann sé á OFF.
2. Takið rafmagnsleiðsluna úr sambandi við vegg tengilinn og síðan úr vélinni.
3. Takið fótómótstöðuna úr sambandi við vélina og veftið leiðslunni um fótómótstöðuna.
4. Setjið alla fylgihluti í hólfið fyrir fylgihlutina. Rennið bakkanum síðan á vélina utan um fríarminn.
5. Setjið fótómótstöðuna í rýmið fyrir ofan fríarminn.
6. Setjið lokið yfir vélina.



## Fríarmurinn

Til að nota fríarminn rennið þið hólfinu fyrir fylgihlutina af vélinni. Þegar það er á vélinni heldur lítill krókur því föstu við vélina. Rennið hólfinu út til vinstri.




## Ef vélin veltur til á borðinu

Ef vélin veltur til á fletinum sem hún er sett á, er hægt að stilla hæðina á botnplötunni. Snúðið stilliskrúfunni (A) með hendinni. Réttisælis til að lækka hana - rangsælis til að hækka botnplötuna.


## Vélinni fest í saumavélaborð

Það eru tvö göt neðan á botnplötunni til að festa vélina í saumavélaborð. Aðlagið götin (sem sýnd eru á myndinni) þannig að þau séu fyrir ofan raufarnar á plötunni í saumavélaborðinu. Festið vélinni síðan með skrúfum sem fylgja borðinu.



## Tvinnahnífur

Til að klippa byrjunartvinnann bregðið þið honum aftan frá og fram á við í tvinnahnífinn (B).



## Keflispinnar


Vélín er með tveimur keflispinnum. Aðal keflispinnann og aukalegan keflispinna. Peir henta fyrir öll venjuleg tvinnakefli til heimilisnota. Aðal keflispinninn er stillanlegur og hægt er að nota hann hvort sem er í láréttri (tvinninn rennur af keflinu) eða lóðréttri stöðu. (tvinnakeflið snýst). Láréttu stöðuna er hægt að nota fyrir flest tvinnakefli og útsaumstvinna.

### Lárétt staða


Setjið tvinnakefli og skífu af hentugri stærð fyrir framan það á keflispinnann. Fullvissið ykkur um að tvinninn renni út af tvinnakeflinu og yfir brúnina á skífunni.

Notið ávallt skífu sem er aðeins stærri en tvinnakeflið. Fyrir mjó tvinnakefli notið þið minni skífuna, en fyrir stærri kefli þá stærri.

Látið flata hlutann á skífunni ávallt snúa að tvinnakeflinu, og það á ekki að vera neitt bil á milli skífunnar og keflisins.



Lítill skífa fyrir tvinnakefli



Stór skífa fyrir tvinnakefli

## Lóðrétt staða

Lyftið keflispinnanum í lóðréttu stöðu. Setjið skífuna á keflispinnann þannig að hún sé undir keflinu og setjið filtskífu undir tvinnakeflið. Það er gert til að keflið snúist ekki of hratt á pinnanum.

Ekki er nauðsynlegt að setja skífu ofan á tvinnakeflið þegar það stendur lóðrétt.

## Aukalegur keflispinni



Aukalegi keflispinninn er notaður þegar spóla þarf á spóluna og nota annan tvinna til þess og/eða þegar verið er að sauma með tvíburnál.

Setjið aukalega keflispinnann í gatið ofan á vélinni (A). Setjið stóra skífu á pinnann og síðan filtskífu undir tvinnakeflið.


## Vélin þrædd

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé í efri stöðu og nálin í efstu stöðu.


1. Setjið tvinnakefli á keflispinnann og viðeigandi skífu fyrir framan það.
2. Togið tvinnann í tvinnastýringarnar (B) aftan frá og fram á við. Togið tvinnann síðan á milli spennuskífanna (C).
3. Þræðið tvinnann síðan niður eftir raufinni hægra megin og síðan upp á við eftir vinstri raufinni.
4. Leggið tvinnann síðan hægra megin frá í raufina á þráðgjafanum (D) og niður eftir vinstri þræðiraufinni, og þaðan í neðri tvinnastýringuna (E) og að stýringu (F) við nálarhölduna.
5. Þræðið nálina.



Aðal keflispinni í lóðréttri stöðu



Auka keflispinni




## Þræðari fyrir nálina

Þræðarinn auðveldar þræðingu nálarinnar. Nálin verður að vera í efstu stöðu þegar þræðarinn er notaður. Ýtið á hnappinn fyrir nálin uppi/nálin niðri til að fullvissa ykkur um að nálin sé í efstu stöðu.

1. Ýtið þræðaranum alveg niður þannig að krókurinn (F) snúist og fari í gegn um nálaraugað.
2. Setjið tvinnann aftan frá um hakið G og síðan undir krókinn F.
3. Látið þræðarann ganga hægt til baka og alla leið upp. Tvinninn kemur nú sem lykkja í gegn um nálaraugað og hægt er að draga endann í gegn.

Ath: Þræðarinn er hannaður fyrir nálar í grófleikum 70-120. Ekki er hægt að nota hann fyrir nálar 60 eða finni, ekki fyrir Wing húllsaumsnálar og ekki fyrir tvíburanálar. Einnig eru sumir aukahlutir sem gera það að verkum að þræða þarf nálina með höndunum.


Þegar þið þræðið nálina með höndunum, munið að hana á að þræða framan frá og aftur.




## Þræðing fyrir tvíburanál

Setjið tvíburanál í nálarhölduna. Gætið þess að saumfóturinn sé í efri stöðu og nálin í efstu stöðu.

1. Setjið tvinnakefli á keflispinnann og setjið viðeigandi skífu fyrir framan það. Setjið stóra skífu á aukalega keflispinnann og filtskífu undir tvinnakeflið. Setjið annað tvinnakefli á keflispinnann.
2. Togið tvinnana samtímis aftan frá og fram á við í gegn um tvinnastýringarnar (A) aftan frá og fram á við. Togið þá síðan á milli skífanna í tvinnaspennunni (B).
3. Þræðið síðan niður eftir hægri þræðiraufinni og síðan upp eftir þeirri vinstri.
4. Leggið tvinnana síðan hægra megin frá í þráðgjafann (C) síðan niður eftir vinstri þræðiraufinni. Þaðan í neðri tvinnastýringuna (D). Setjið annann tvinnann í vinstri rauфина á nálarhöldunni (E) og hinn tvinnann í hægri stýringuna (F) Fullvissið ykkur um að tvinnarnir snúist ekki saman.
5. Þræðið síðan í sitt hvora nálina.






## Spólað á spóluna

1. Setjið tvinnakefli á lárétta keflispinnann. Setjið viðeigandi skífu fyrir framan keflið.
2. Leggið tvinnann aftan frá og fram á við í tvinnastýringuna (A). Snúið tvinnanum réttsælis í kring um spennuna (B) fyrir spólarann.
3. Þræðið tvinnann innan frá í gegn um gatið á spólunni (C).
4. Setjið spóluna síðan á spólarann.
5. Ýtið arminum á spólaranum til hægri til að spóla á spóluna. Sprettimynd kemur á skjáinn sem sýnir að spólarinn sé tilbúinn. Stígið á fótmótstöðuna til að setja vélina í gang og byrja spólun.

Þegar spólan er orðin full hægir spólarinn á sér og stöðvast síðan sjálfkrafa. Sprettimyndin hverfur af skjánum. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann með því að nota hnífinn (D) fyrir spólarann.




**Bobbin winding on.**

## Spólan sett í vélina

Fullvissið ykkur um að nálin sé í efstu stöðu og að slökkt sé á vélinni áður en þið setjið spóluna í vélina. Opnið lokið yfir gríparanum með því að ýta á hnappinn (A) hægra megin við lokið. Fjarlægjið lokið (B).

1. Setjið spóluna í vélina og þannig að tvinninn renni af henni rangsælis.
2. Togið tvinnann í gegn um raufina (C).
3. Með fingri haldið þið lauslega ofan á spóluna og dragið tvinnann íraufina frá (C) til (D).
4. Togið tvinnann síðan eins og örvarnar sýna frá (D) til (E).
5. Til að klippa afgangstvinnann frá togið þið tvinnann í hnífsraufina (E).
6. Setjið lokið aftur á sinn stað.



## Innbyggði efri flytjarinn (IDT™ system)

Til að sauma erfið efni á öruggan hátt er PFAFF® ambition™ saumavélin með frábæra lausn: innbygðaeфри flytjarann eða "IDT™ system". Eins og oft er gert á iðnaðarvélum er efnið fært bæði neðan frá og ofan á sama tíma. Efnin eru þannig tekin eins og í töng og flutt á öruggan hátt. Þetta kemur sér til dæmis mjög vel á mjög þunnum efnum eins og silki og rayon, þar sem slíkur flutningur kemur í veg fyrir að saumurinn rykkist. Þessi öruggi flutningur kemur sér einnig vel þegar verið er að sauma saman röndótt eða köflótt efni - efnin misfærast ekki eins og á vélum þar sem efnin eru eingöngu flutt neðan frá.


### Efri flytjarinn settur í samband

*Áríðandi:* Fyrir alla sauma með efri flyrtjara verður að nota saumfætur sem eru með rauf að aftan (F).

Lyftið saumfætinum og ýtið á efri flytjarann niður á við þar til hann smellur í samband.

### Efri flytjarinn tekinn úr sambandi

Lyftið saumfætinum - takið um efri flytjarann með tveimur fingrum þar sem hann er rifflaður og togið hann lauslega niður á við og takið hann úr rauf fótans um leið. Þá fer hann aftur í sína efri stöðu.



## Þrýstingur á saumfót


Þrýstingurinn á saumfótinn hefur verið stilltur á almennt gildi sem er "N". Í flestum tilfellum er ekki nauðsynlegt að breyta þessari stillingu, En í einstaka tilfellum getur komið til þess að grípa þurfi til þess að breyta stillingunni og þá sérstaklega þegar verið er að sauma mjög þunn eða mjög þykk efni eða verið er að vinna með sérstakri tækni.

Losið um þrýstinginn (snúið honum rangsælis) fyrir þunn efni, en aukið þrýstinginn fyrir þykkari efni.

*Ath: Ef stillinum er snúið of mikið rangsælis, gæti hann losnað af vélinni. Ef það kemur fyrir þrýstið einfaldlega á hann til að koma honum aftur á sinn stað.*


Fyrir þykk efni snúið þið stillinum réttsælis.

*Ath: Ef þið snúið stillinum þar til hann kemst ekki lengra eruð þið komin á enda stillingarinnar og ekki er hægt að stilla á meiri þrýsting.*



## Tvinnaspennan

Til að stilla tvinnaspennuna snúið þið stillinum ofan á vélinni. Notið ráðlagða tvinnaspennu sem gefin er upp á skjánum og sjáið einnig bls. 3:4. Það fer allt eftir efni, tvinna, þykkt o.s.frv. hvernig stilla á tvinnaspennuna til að fá fallett spor.



Til að ná fram sem fallegu og endingargóðu spori verður yfirspennan að vera rétt stillt. Fyrir alla venjulega sauma á tvinnahnýtingin að eiga sér stað í miðjunni eða á milli tveggja efna. Ef spólutvinninn er sjáanlegur á réttunni, þá er yfirtvinnaspennan of stíf. Losið aðeins á yfirtvinnanum.

Ef yfirtvinninn er sýnilegur á röngunni, þá er spennan fyrir yfirtvinnann of laus. Aukið aðeins á spennunni fyrir yfirtvinnann.

Fyrir skrautsauma og hnappagöt á yfirtvinninn að sjást lítillega á röngunni.

Saumið alltaf þrífusauma á afgangsefni af sama efni og á að sauma á.



## Nálar

Rétt og góð nál hefur mikið að segja til að sauma fallega sauma á rétt efni. Notið aðeins gæðanálar. Við mælum eingöngu með nálum af gerðinni 130/705H. Nálabréfið sem fylgir vélinni í upphafi er með nálar af algengustu og mest notuðu grófleikunum.

### Alhliða nál (B)

Alhliða nálarnar eru með aðeins afrúnnaðan odd og fást í ýmsum grófleikum fyrir ýmiss efni og efnisgrófleika.

### ”Stretch” nálar fyrir teygjanleg efni (C)

”Stretch” nálarnar eru með sérstakt úrtak og odd sem kemur í veg fyrir að vélin hlaupi yfir spor á efnum sem eru þéttprjónuð og teygjast. Hentar fyrir prjónavörur, sundfatnað, flís gerfileður og leður. Nálar eru merktar með gulum lit.

### Útsaumsnál (D)

Útsaumsnálar eru með sérstakt úrtak, sérstakan kringlóttan odd og aðeins stærra auga til að koma í veg fyrir skemmdir á útsaumstvinna og málmtvinna og öðrum sérstökum tvinna sem notaðir eru við útsaum og skrautsauma. Nálar eru merktar með rauðum lit.

### ”Denim” nálar (E)

”Denim” nálar eru með sérstaklega beittan odd sem hentar vel fyrir þéttofin og þykk efni og án þess að nálin bogni. Hentar vel fyrir segldúk, gallabuxnaefni og ”micro” efni. Merktar með bláum lit.



### ”Wing” húllsaumsnálar (F)

”Wing” nálarnar eru með breiða vængi á hliðunum til að búa til göt í efnin þegar verið er að sauma húllsauma í efni úr náttúrulegum þráðum. Saumið ekki með mikilli sporbreidd.

*Ath: Skiptið oft um nálar. Notið eingöngu beinar og óskemmdar nálar og nálar með óskemmdum oddum (G).*


*Skemmd nál (H) getur orsakað að vélin hlaupi yfir spor. að tvinning slitni. Skemmd nál getur einnig skemmt stingplötu og saumfót vélarinnar.*

*Notið aldrei ósamhverfar tvíburanálar (I), þar sem þær gætu skemmt saumavélina.*



## Skipt um nálar


1. Notið gatið íalhliða áhaldinu til að halda við nálina.
2. Losið um skrúfuna sem heldur nálinni og notiðskrúfjárn ef með þarf.
3. Fjarlægið nálina.
4. Setjið nýja nál í vélina og notið alhliða áhaldið til þess. Ýtið nálinni eins hátt og hún kemst og látið flata kantinn snúa frá ykkur.
5. Herðið skrúfuna sem heldur nálinni.



## Flytjarinn tekinn úr sambandi


Þið getið tekið flytjarann úr sambandi með því að ýta stillinum sem er aftan á fríarminum til vinstri. Færið hann síðan aftur til hægri þegar þið viljið setja flytjarann í samband á ný.

*Ath: Flytjarinn fer ekki strax í samband aftur. Snúið handhjólina einn heilan hring eða byrjið að sauma til að setja flytjarann í samband á ný.*



## Fótlyftir

Saumfætinum er lyft eða hann settur niður með fótlyftinum (A). Ef þið eruð að sauma mjög þykk efni eða mörg lög af efnum, þá er hægt að lyfta saumfætinum aðeins hærra til að auðveldara sé að setja þykk efni undir saumfótinn.



## Skipt um saumfót

### Fjarlægið saumfótinn


Þrýstið ofan á saumfótinn þar til hann losnar af fóthöldunni.


### Saumfótur settur á

Staðsetjið saumfótinn þannig undir fóthöldunni (B), að raufin (C) sé á mótis við pinnann (D).

Lækið fótlyftinn og saumfóturinn smellur þá í fóthöldu.

*Ath: Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé rétt settur á fóthölduna.*





## Hnappar á ambition™ 1.5 vél

### Nálin uppi/niðri (1)

Ýtið á þennan hnapp til að færa nálin upp eða niður. Staða nálarinnar breytist um leið. Það kviknar ljós þegar nálin er í neðri stöðu.

Þið getið einnig komið snöggst við fótómótstöðuna til að láta nálin fara upp eða niður.

### Byrja á saum frá byrjun (2)

Ef þið hafið stöðvað vélina í miðjum saum eða mynstri getið þið ýtt á þennan takka til að byrja á nýjum saum frá byrjun hans.

Ef þið ýtið á þennan takka á meðan þið eruð að sauma, lýkur vélin við viðkomandi saum og stövast síðan.

### Tafarlaus hefting (3)





Ýtið á heftingartakkann til að láta vélina hefta fyrir sauminn áður en hún stövast sjálfkrafa.

### Hraðastillir (4)

Með þessum stilli getið þið ákvarðað hámarkshraða vélarinnar. Til að auka við saumhraðann ýtið þið stillinum til hægri, en til að minnka hraðann ýtið þið honum til vinstri.

### Start/stop (5)

Ýtið á þennan hnapp til að láta vélina sauma án þess að stíga á fótómótstöðuna. Ýtið á hann til að setja vélina í gang og síðan aftur til að stöðva hana.



### Afturábak (6) með gaumljósi (7)

Til að sauma stöðugt afturábak, ýtið þið á þennan hnapp áður en þið byrjið að sauma. Það kviknar á gaumljósi (6) og vélin saumar eingöngu afturábak þar til ýtt er á hnappinn á nýjan leik.

Ef þið ýtið á hnappinn á meðan þið eruð að sauma, saumar hún afturábak á meðan haldið er við hnappinn. Gaumljósið kviknar á meðan haldið er við hnappinn.

Afturábaksaumur er einnig notaður þegar þið saumið forritaðar heftingar og í stoppsspor.

### Forritaðar heftingar (6) með gaumljósi (8).

Gaumljósið kviknar til að gefa til kynna að einn eða fleiri heftinga-valkostir séu virkir. Kveikt er á gaumljósinu þar til heftinga-valkostirnir eru ekki lengur í notkun.

## **Snertiskjár fyrir ambition™ 1.5 vélina (9)**

Á snertiskjábanum getið þið skoðað alla valkosti og aðgerðir. Saumar eru sýndir í raunstærð.

### **Snertihjól (10)**

Snertihjólið er fyrir nokkrar aðgerðir. Í sauma-aðgerð er hægt að stilla sporbreidd/staðsetningu og sporlengd/sporþéttleika. Í saumaröð er það einnig notað til að færa bendilinn fram og til baka í saumaröðinni og stilla saumana.

### **Sporbreidd eða staðsetning sauma (11)**

Aukið eða minnkið sporbreiddina með því að nota hægri “+” og vinstri “-” teiknin á snertihjólinu.

Fyrir beina sauma notið þið hægri “+” og vinstri “-” teiknin á snertihjólinu til að breyta sporstaðsetningunni.

### **Sporlengd eða sporþéttleiki (12)**

Aukið eða minnkið sporlengdina með því að nota efri “+” eða neðri “-” teiknin á snertihjólinu.

Fyrir flatsauma notið þið efri “+” og neðri “-” teiknin á snertihjólinu til að breyta þéttleikanum í völdum saum.

### **Lengja saumana (13)**

Pegar þið hafið valið flatsaum getið þið snert miðjuna á snertihjólinu til að gera lengingu á saumnum virka. Teiknið breytist í lengingartákn. Notið síðan hægri “+” og vinstri “-” teiknin til að breyta lengdinni á flatsaumnum án þess að breyta þéttleikanum.

### **Saumaraðir (14)**

Snertið þennan takka til að setja inn eða fara út úr saumaröð.

### **Hliðarspeglun (15)**

Til að spegla mynstur og sauma til hliðanna.

### **Endaspeglun (16)**

Til að spegla mynstur eða sauma enda í enda.

### **Beint val (17)**

Til að nota beinval á saumum snertið þið númer þess saums sem þið ætlið að nota og gerið það í vinstra efri horni skjásins. Með því að snerta einn eða fleiri af númerunum 0 til 9 vejið þið þann saum sem ber það númer.

## **Stillingar og aðgerðarflipar**

Sumar af aðal aðgerðum vélarinnar eru til reiðu á flipunum neðst á skjánum.

### **Saumaadgerð (18)**

Snertið þennan flipa til að fara í saumaadgerð. Saumaadgerð er fyrsti flipinn á snertiskjábanum sem birtist eftir að þið kveikið á vélinni. Þessi flipi er einnig virkur þegar þið eruð í saumaröðum.

### **Val á heftingum (19)**

Snertið þennan flipa til að velja gerð af heftingu.

### **Stafrófsaðgerð (20)**

Í stafrófsaðgerð getið þið búið til texta eða setningar og valið um fjórar mismunandi stafrófsgerðir

### **Upplýsingar um sauma (21)**

Snertið þennan flipa til að fá frekari upplýsingar um valinn saum.

### **Stillivalmynd (22)**

Snertið flipann til að opna valmyndina fyrir stillingar á vélinni.

## **Saumaraðir**

### **Hlaðið inn persónulegum mynstrum eða saumaröðum (23)**


Snertið þennan flipa til að hlaða inn áður vistuðum saum eða saumaröð.

### **Vista persónulegum saum eða saumaröð**

Snertið þennan flipa til að vista saum eða saumaröð í minnivélarinnar.

### **Eyða (25)**

Snertið til að eyða saumum í saumaröð. Haldið flipanum lengur inni til að eyða allri saumaröðinni.



## Hnappar fyrir ambition™ 1.0 vél

### Nálin upp/niðri (1)

Ýtið á þennan hnapp til að færa nálinu upp eða niður. Staða nálarinnar breytist um leið. Það kviknar ljós þegar nálin er í neðri stöðu.

Þið getið einnig komið snöggst við fótómótstöðuna til að láta nálinu fara upp eða niður.

### Byrja á saum frá byrjun (2)

Ef þið hafið stöðvað vélina í miðjum saum eða mynstri getið þið ýtt á þennan hnapp til að byrja á saumnum frá byrjun hans.

Ef þið ýtið á þennan hnapp á meðan þið eruð að sauma, lýkur vélin við viðkomandi saum og stöðvast síðan.

### Tafarlaus hefting (3)

Ýtið á heftingarhnappinn til að láta vélina hefta fyrir sauminn áður en hún stöðvast.

### Hraðastillir (4)

Með þessum stilli getið þið ákvarðað hámarkshraða vélarinnar. Til að auka við saumhraðann ýtið þið stillinum til hægri, en til að minnka hann ýtið þið honum til vinstri.

### Start/stop (5)

Ýtið á þennan hnapp til að láta vélina sauma án þess að stíga á fótómótstöðuna. Ýtið á hann til að setja vélina í gang og síðan aftur til að stöðva hana.

### Afturábak (6) með gaumljósi (7)

Til að sauma stöðugt afturábak, ýtið þið á þennan hnapp áður en þið byrjið að sauma. Það kviknar á gaumljósi (6) og vélin saumar eingöngu afturábak þar til ýtt er á hnappinn á nýjan leik.

Ef þið ýtið á hnappinn á meðan þið eruð að sauma, saumar hún afturábak á meðan haldið er við hnappinn. Gaumljósið kviknar á meðan haldið er við hnappinn.

Afturábaksaumur er einnig notaður þegar þið saumið forritaðar heftingar og ístoppspor.

### Forritaðar heftingar (6) með gaumljósi (8)

Gaumljósið kviknar til að gefa til kynna að einn eða fleiriheftinga valkostir séu virkir. Kveikt er á gaumljósinu þar til heftinga-valkostirnir eru ekki lengur í notkun.

### Sporlengd eða sporþéttleiki (10)

Aukið eða minnkið sporlengdina með því að nota "+" og "-" hnappana.

Fyrir flatsauma notið þið "+" og "-" hnappana til að breyta sporþéttleikanum í völdum saum.

### Sporbreidd eða staðsetning sauma (11)

Aukið eða minnkið sporbreiddina með því að nota "+" og "-" hnappana.

Fyrir beina sauma notið þið "+" og "-" hnappana til að breyta sporstaðsetningunni.


### Lengja saumana (12)

Þegar þið hafið valið flatsaum getið þið ýtt á "+" og "-" hnappana til að breyta lengdinni á saumnum án þess að breyta sporþéttleikanum.

## Hjólíð (13)

Notið þessa hnappa til að fara á milli á skjánum. Hjólíð er með upp og niður og vinstri og hægri örvarhnappa og táknið í miðju hjólinu virkar sem OK hnappur (14).

Með hjólinu er hægt að framkvæma nokkrar aðgerðir, t.d. er hægt að fletta á milli sauma með upp og niður örvunum, stilla stærð hnappagata og fara á milli valkosta í stillivalmyndinni. Ýtið á örina niður þar til flipi hefur verið valinn, og síðan ýtið þið á vinstri eða hægri örvarhnappinn til að velja aðgerðina (22-26).



## OK hnappur (14)

Miðjan á hjólinu er hakmerki sem virkar sem OK. Notið OK hnappinn til að staðfesta val ykkar.

## Beint val (15)

Með því að snerta eitt eða fleiri af númerunum 0 til 9 veljið þið þann saum sem ber það númer.

## Hliðarspeglun (16)

Til að spegla mynstur og sauma til hliðanna.

## Endaspeglun (17)

Til að spegla mynstur eða sauma enda í enda.

## Hlaða inn persónulegan saum eða saumaröð

Snertið þennan flipa til að hlaða inn áður vistuðum saum eða saumaröð.

## Vista persónulegum saum eða saumaröð (19)

Snertið þennan flipa til að vista sauma eða saumaröð í minni vélarinnar.

## Eyða (20)

Snertið þennan flipa til að eyða saumum í saumaröð. Haldið flípanum lengur inni til að eyða allri saumaröðinni.

## Saumaraðir (21)

Ýtið á þennan hnapp til að setja inn saumaraðir.

## Skjárinn á ambition™ 1.0 vél (9)

Á skjánum getið þið skoðað allt val og valkosti. Saumar eru sýndir í raunstærð. Örvarnar á hjólinu eru til að fara fram og til baka á skjánum.

## Stillingar og aðgerðarflipar

Sumar af aðal aðgerðum vélarinnar eru til reiðu á flípunum neðst á skjánum. Ýtið á örina niður þar til viðeigandi flipi er auðkenndur, og farið síðan á milli flípanna með því að ýta á vinstri eða hægri örvarhnappinn (13).

Til að fara beint á milli flípans lengst til vinstri yfir á þann flipa sem er lengst til hægri, ýtið þið á vinstri örvarhnappinn einu sinni. Til að fara beint á milli flipa frá hægri til vinstri, ýtið þið hægri örvarhnappinn einu sinni.

## Saumaadgerð (22)

Saumaadgerð er fyrsta aðgerðin sem blasir við þegar kveikt er á vélinni.

## Val á heftingum (23)

Snertið til að velja heftinga valkostinn.

## Stafrófsaðgerð (24)

Í stafrófsaðgerð getið þið búið til texta eða setningar og valið um tvær gerðir af stafrófum.

## Upplýsingar um sauma (25)

Snertið þennan flipa til að fá frekari upplýsingar um valinn saum.

## Stillivalmynd (26)

Snertið þennan flipa til að opna valmyndina fyrir stillingar á vélinni.

## Stillingar

Í stillivalmyndinni getið þið breytt stilingum á vélinni og á skjánum. Allar stillingar eru vistaðar í vélinni jafnvel þótt slökkt sé á henni.

### Stillivalmynd (1.5)

Snertið flipann fyrir stillivalmyndina (A) til að opna hana. Stillivalmyndinni er skipt á tvo flipa (1 og 2), sem þið getið valið með því að snerta þá.

#### Tvíburanálar

Snertið táknið fyrir tvíburanál til að virkja aðgerðina. Snertið “-” og “+” til að stilla bilið á milli tvíburanálanna. Valið bil verður sýnt á tákninu fyrir tvíburanálina.

Þegar bil fyrir tvíburanál hefur verið valið, verður breidd á öllum saumuð sjálfvirkt stillt inn á þetta bil til að koma í veg fyrir að nálarnar brotni ef þær myndu fara of langt og stinga í saumfótinn eða stingplötuna.

Viðvörðun kemur á skjáinn ef þið veljið saum sem er of breiður fyrir viðkomandi tvíburanál.

Þegar tvíburanál hefur verið gerð virk verður táknið fyrir tvíburanál sýnt á skjánum.

Stillingin verður óbreytt í vélinni þar til hún verður afvalin.

*Ath: Tvíburanál og öryggi fyrir saumbreidd er ekki hægt að nota á sama tíma. Viðvörðunar hljóðmerki heyrir ef reynt er að nota báðar stillingarnar í einu.*

#### Öryggi fyrir saumbreidd

Veljið þessa aðgerð þegar og ef þið notið stingplötu eða saumfót sem eru bara fyrir beinan saum.

Þetta öryggi læsir nálarstöðunni fyrir alla sauma í miðju stingplötugatinu til að forðast skemmdir á saumfæti, nál eða stingplötu.


Snertið táknið fyrir sporbreiddaröryggið til að gera það virkt. Þegar það er virkt verður það sýnt á skjánum.

Stillingin er virk þar til hún verður afturkölluð.


*Ath: Þegar þið kveikið á vélinni og þessi aðgerð er virk, og þið ætlið að velja sauma sem ekki er beinn saumur, kemur fram sprettigluggi sem lætur ykkur vita að vélin sé eingöngu stillt fyrir beina sauma.*

*Stillingarnar fyrir tvíburanál og sporbreiddaröryggi er ekki hægt að nota á sama tíma. Hljóðmerki heyrir ef reynt er að stilla á báðar stillingarnar á sama tíma.*

ambition™ 1.5



A



#### Lýsing á skjá

Snertið “-” og “+” til að stilla andstæður á lýsingu á skjánum. Stillingin verður geymd í vélinni jafnvel þótt slökkt verði á vélinni.

#### Kvörðun á skjá

Þegar þið snertið teikn á skjánum, gæti þurft að breyta stilingum á honum til að hann henti snertingum ykkar. Snertið kvörðunarteiknið til að opna sérstakan skjá fyrir kvörðun á skjánum. Notið snertipennann og snertið fyrst miðjuna á krossinum sem er í vinstra efra horninu. Snertið síðan miðjuna á krossinum sem er í neðra hægra horninu á skjánum. Kvörðunar-aðgerðin lokast sjálfkrafa eftir að þið hafið snert seinni krossinn.

#### Tungumál

Snertið “-” og “+” til að fletta á milli tungumála sem eru í ykkar vél.

#### Útgáfa af hugbúnaði

Hér getið þið séð útgáfunúmer hugbúnaðarins sem er í ykkar vél.

## Stillivalmynd (1.0)

Opnið hana með því að velja flipann fyrir valmyndina. Flettið á milli stillinganna með því að ýta á upp eða niður örvarnar á hjólinu.

### Tvíburanál

Ýtið á OK (B) til að gera aðgerðina virka. Hakmerki birtist í glugganum. Notið vinstri eða hægri örvarnar á hjólinu til að stilla bilið á milli tvíburanálanna. Valin breidd er síðan sýnd á skjánum.

Pegar breidd á milli tvíburanála hefur verið valin verður breidd á öllum saumum miðaðir við breiddina sem stillt var inn í vélina. Þetta kemur í veg fyrir að nálarnar brotni.

Viðvörðunargluggi sprettur upp ef þið reynið að stilla sporbreiddina á meiri breidd en vélín þolir með þessa tvíburanál í vélinni.

 Þegar breidd á tvíburanál hefur verið stillt kemur teiknið fyrir tvíburanál á skjáinn.

Stillingin er virk þar til hún hefur verið afturkölluð.

*Ath: Ekki er hægt að nota stillingu fyrir tvíburanál og öryggi fyrir sporbreidd á sama tíma. Þegar öryggi fyrir sporbreidd er valið kemur doppót lína í kring um tvíburanálina.*

### Öryggi fyrir sporbreidd

Ýtið á OK (B) til að gera það virkt

Veljið þessa aðgerð þegar þið notið stingplötu og saumfót fyrir beint spor en þá verður eingöngu hægt að sauma bein spor í miðstillingu. Er þetta gert til að ekki sé hætt á að skemma nálina, saumfótinn eða stingplötuna.

 Þegar þessi aðgerð er virk verður teiknið fyrir öryggi á sporbreidd sýnt í saumaaðgerð.

Stillingin er virk þar til hún verður afturkölluð.



*Ath: Þegar kveikt er á vélinni og þessi aðgerð er virk, kemur sprettigluggi upp á skjáinn ef reynt er að velja annað en beina sauma.*

Öryggið fyrir sporbreidd og tvíburanál er ekki hægt að nota á sama tíma. Þegar tvíburanál er valin, kemur doppótt lína í kring um gluggann fyrir öryggi fyrir saumbreidd.

### Lýsing á skjá

Notið vinstri eða hægri örvartakkana til að stilla birtuskilin á skjánum. Innstillt gildi eru sýnd á skjánum.

ambition™ 1.0



### Tungumál

Ýtið á vinstri eða hægri örvarhnappana til að breyta tungumálinu fyrir alla texta í vélinni.

### Útgáfa af hugbúnaði

Hér getið þið skoðað hvaða útgáfa af hugbúnaði er í ykkar vél.



# Saumað

Saumaðgerð er það fyrsta sem þið sjáið á skjánum eftir að kveikt er á saumavélinni. Valinn saumur er sýndur í raunstærð á skjánum. Þið fáið um leið allar grunn-upplýsingar til að byrja að sauma. Beint spor er sjálfvalinn saumur.

## Saumaðgerð - yfirlit (1.5)

1. Númer og nafn á völdum saum
2. Saumflötur
3. Saumaröð
4. Hliðarspeglun
5. Speglnun enda í enda
6. Ráðlagður saumfótur
7. Ráðlagt undirlegg
8. Flytjari/Mælt með efri flytjara ("IDT™")
9. Ráðleggingar um nálar/stillingar



Stílt fyrir tvíburanál




Mælt með "Wing" nál



Stílt á öryggi fyrir sporbreidd

10. Mælt með þessari tvinnaspennu
11. Saumaval af fellilista
12. Sporbreidd/sporstaðsetning
13. Sporlengd/þéttleiki
14. Snertihjól

Ath: Öll tákni og valkostir eru ekki öll sýnd á sama tíma.





Ath: Ef ráðlegging sýnir saumfót sem er með "+", viðhengipýðir að þá þurfi að nota aukalegan saumfót sem ekki fylgir með vélinni. Nánar um þetta í upplýsingaflípanum (A).

## Saumur valinn

Snertið númer saumsins á skjánum (1) til að opna fyrir lyklaborðið. Snertið 1-9 til að velja viðkomandi saum. Ýtið á tvo eða þrjá stafi hvern á fætur öðrum til að velja saum frá 10 og upp á við. Snertið síðan OK teiknið (15) til að staðfesta valið ykkar. Snertið eyðingarteiknið (16) til að eyða númeri sem þið hafið stimplað inn. Snertið teiknið "hætta við" (17) til að loka lyklaborðinu án þess að velja saum.

Ef innstimplaður saumur er ekki til í vélinni, heyrir hljóðmerki og saumurinn sem á við fyrsta innstimplaða stafinn verður valinn.

Þið getið einnig valið saum með því að snerta örina sem opnar fyrir felliglugga með saumum (11), og valið saum af fellilistanum. Snertið örvarnar til að skruna upp eða niður eftir listanum og velja saum.



## Saumaadgerð - yfirlit (1.0)

1. Númer og nafn á völdum saum
2. Saumflötur
3. Ráðlagt undirlegg
4. Ráðlagður saumfótur
5. Flytjari/Mælt með efri flytjara "IDT™"
6. Ráðleggingar um nálar/stillingar



Stíllt fyrir tvíbura nál




Mælt með "Wing" nál



Stíllt á öryggi fyrir sporbreidd

7. Mælt með þessari tvinnaspennu
8. Sporbreidd/Sporstaðsetning
9. Sporlengd/Þéttleiki

Ath: Öll tákni og valkostir eru ekki öll sýnd á sama tíma





Ath: Ef ráðlagður saumfótur er sýndur með "+", þá þarf aukalegan saumfót sem ekki fylgir vélinni. Sjá nánar í upplýsingaflípanum (A).

## Saumur valinn


Með því að snerta einhvern af beinvalshnöppunum veljið þið þann saum strax. Ýtið á tvo eða þrjá stafi hvern á fætur öðrum til að velja saum frá 10 og upp á við. Ef innstimplaður saumur er ekki til í vélinni, heyrir hljóðmerki og saumurinn sem á við fyrsta innstimplaða stafinn verður valinn.

Þið getið einnig valið saum með því að snerta örvarnar upp og niður á hjólinu til að fletta á milli sauma. Ýtið upp eða niður til að opna fellilista yfir saumana. Farið síðan upp eða niður eftir listanum með því að nota upp og niður örvarnar. Ýtið á OK (B) til að velja sauminn.



## Upplýsingar um sauminn

Veljið upplýsingaflípan (A) til að skoða frekari upplýsingar og ráðleggingar um valda sauminn.



A

Á skjánum birtast ráðleggingar um þann saum sem þið hafið valið. Þið getið hins vegar breytt þeim stillingum að eigin vali.

Allar breytingar á stillingum, nema tvinnastillingar hafa eingöngu áhrif á þennan ákveðna saum og stillingar fyrir hann verða aftur settar á sjálfgegnar stillingar þegar þið veljið annan saum. Breyttar stillingar eru sem sagt ekki vistaðar í minni vélarinnar þegar slökkt er á vélinni.

Innstíllt sporbreidd og sporlengd eru sýndar við hliðina á viðeigandi táknum. Ef þið reynið að stilla umfram lágmarks og hámarks breytingar gefur vélinfrá sérhljóðmerki.

*Ath: Breyttar tölur eru auðkenndar þegar þið breytið stillingunum.*



Notið “+” og “-” til að auka eða minnka sporbreiddina.

Fyrir bein spor notið þið “+” og “-” til að færa sporaðsetninguna til vinstri eða hægri. Þegar beinir saumar eru valdir, breytist teiknið (A) til að sýna að nú sé sporaðsetningin valin í stað sporbreiddar.

Notið “+” og “-” til að auka eða minnka sporlengdina.

Fyrir flatsauma er hægt að stilla þéttleika sporanna. Þetta þarf oft að gera þegar verið er að sauma út með sérstökum tvinnagerðum og þegar óskað er eftir því að sporin liggi ekki alveg þétt saman. Sporþéttleikinn hefur ekki áhrif á heildarlengd sporsins eða mynstursins.

Fyrir flatsauma notið þið "+" og "-" til að auka eða minnka sporþéttleikann. Þegar flatsaumar eru valdir breytist teiknið (8) til að gefa ykkur til kynna að nú sé sporþéttleikinn valinn í stað sporlengdarinnar.



### Lenging á mynstri eða saum (3)

Þessi lenging" er notuð til að lengja ákveðinn skrautsaum eða flatsaumsmynstur. Heildarmynstrið verður lengra án þess að sporþéttleikinn breytist.

**Fyrir vél 1.5:** Snertið miðjuna á snertihjólinu. Teiknið breytist og sýnir nú lengingarteikn. Aukið eða minnkið lengd mynstursins með tökkunum "+" og "-".

Ef lenging er ekki fyrir hendi fyrir viðkomandi saum kemur viðvörðun hljóðmerki þegar þið snertið miðjuna á snertihjólinu, og teiknið breytist ekki.

**Fyrir vél 1.0:** Ýtið á "+" og "-" á lengingarhnappnum til að auka eða minnka lengginguna á flatsaumsmynstrinu.

Ef lenging er ekki fyrir hendi fyrir viðkomandi saum kemur viðvörðun hljóðmerki þegar þið ýtið á lengingarhnappinn.

### Tvinnaspennan (4)





Á skjánum sést ráðlögð tvinnaspenna fyrir valinn saum. Sjá einnig bls. 2:7 um stillingu á tvinnaspennunni.

### Speglun

Vegna skrautáhrifa er hægt að spegla mynstur og sauma hliðarspeglun eða enda í enda speglun. Suma sauma er bæði hægt að spegla til hliðar og enda í enda. Svo eru sumir saumar sem vegna útlits og virkni er ekki hægt að spegla. Hnappagöt, ístoppspor og heftingar eru t.d. meðal þeirra sauma sem ekki er hægt að spegla.

Til að spegla ákveðna sauma eða saumaraðir, ýtið þið á hliðarspeglun (A) eða speglun enda í enda á (B).

Þið heyrið hljóðmerki þegar þið reynið að spegla sauma sem ekki er hægt að spegla.



## Heftingar - valkostir

Ýmsir valkostir um heftingar gera ykkur kleift að forrita heftingar í byrjun saums (A) og í enda saums (B).

1. Farið í valkosti heftinga (1).
2. Veljið þá aðgerð sem þið ætlið að nota (A og/ eða B).
3. Farið aftur í saumaadgerð með því að velja flippann fyrir hana (2).

Litlu heftingarteiknin (C) verða sýnd og gefa til kynna hvaða heftingar aðgerð hefur verið valin. Þessi aðgerð verður til staðar þar til hún verður afturkölluð.

*Ath: Fyrirheftingu á meðan verið er að sauma getið þið alltaf notað heftingartakkann framan á vélinni.*


### Saumað með valdar heftingar-aðgerðir

1. Byrjunarheftingin (A) verður saumuð um leið og þið byrjið að sauma.
2. Ýtið á afturábak hnappinn til að gera endaheftinguna (B). Það kviknar á gaumljósinu fyrir heftingar - vélín lýkur við sauminn og heftir fyrir að lokum.
3. Til að afturkalla heftingar aðgerð, farið þið á valkosti fyrir heftingar eins og lýst var hér að ofan og takið hökin af í heftingargluggunum.


### Aðgerðir afturábak hnappsins í heftingar-valkostum

- Hættið að sauma og ýtið tvisvar sinnum á afturábak hnappinn til að gera afturábak saum virkan. Það kviknar á gaumljósinu fyrir afturábak saum. Engar heftingar verða framkvæmdar.
- Ýtið á afturábak hnappinn á meðan þið saumið afturábak til að virkja enda heftinguna. Það kviknar á gaumljósunum fyrir afturábak saum og fyrir forritaðar heftingar.
- Til að fara aftur á áfram saum, hættið þið að sauma afturábak og ýtið á afturábak hnappinn. Engin gaumljós loga lengur og engar heftingar verða framkvæmdar.

ambition™ 1.5



ambition™ 1.0



## Vista persónulega sauma

Þið getið vistað saum sem þið hafið breytt eða hannað sjálf með því að ýta á vistunartakkann. Hann opnar fyrir vistunar valmyndina. Hægt er að vista sauma og saumaraðir í fjórum minnum vélarinnar.

Að vista saum er alveg eins og að vista saumaröð. Sjá bls. 4:5.


Stillingum á sporlengd, sporbreidd, þéttleika og speglun verða allar vistaðar.

*Ath: Suma sauma eins og t.d. hnappagöt er ekki hægt að vista. Sprettigluggi lætur ykkur vita ef þið reynið að vista slíka sauma.*

ambition™ 1.5



ambition™ 1.0



1.5

## Hlaða inn persónulega sauma

Að hlaða inn saum er alveg eins og að hlaða inn saumaröð. Opnið fyrir hleðslu valmyndina með því að ýta á hleðsluhnappinn. Veljið sauminn sem þið ætlið að hlaði inn á vélina. Sjá nánar á bls. 4:6.

ambition™ 1.5



ambition™ 1.0




1.5

# Saumatækni

## Þriggja þrepa zik zak

Saumur númer 9 (8 á 1.0) hentar vel til að kasta jaðar á efnum. Fullvissið ykkur um að nálin stingi út fyrir jaðarinn þegar hún sveiflast lengst til hægri, en stingi í efnið þegar hún sveiflast til vinstri.

Saum númer 9 er einnig hægt að nota til að sauma teygjanleg efni því hann teygist eins og efnin sjálf.





## Hnappagöt

Hnappagötin í vélinni eru hönnuð fyrir mismunandi efni og flíkur. Skoðið töfluna á bls. 1:8 í þessum leiðbeiningum, en þar eru lýsingar á hnappagötunum.


Alltaf ætti að leggja undirlegg eða helst millilegg á milli efnanna þar sem sauma á hnappagöt.

### Eins þreps hnappagatafótur 5B

1. Merkið fyrir staðnum sem hnappagatið á að vera á flíkinni.
  2. Setjið hnappagatafót 5B á vélina og togið töluhölduna á honum út úr honum. Setjið tölu á hölduna en hún ákvarðar lengd hnappagatsins.
  3. Fullvissið ykkur um að yfirtvinninn sé þræddur í gegn um fótinn og liggi undir fætinum.
  4. Veljið hnappagatið sem á að sauma og stillið sporlengdina og þéttleikann að eigin vild.
- Ath: Saumið ávallt prufuhnappagat á afgangsefni af sömu gerð og flíkin er.*
5. Staðsetjið flíkina undir hnappagatafætinum þannig að merkið á henni liggi undir miðjum fætinum.
  6. Setjið arminn fyrir hnappagötin alla leið niður og ýtið honum frá ykkur.
  7. Haldið í endann á yfirtvinnanum og byrjið að sauma. Hnappagatið er fyrst saumað afturábak frá ykkur og að aftari hluta fótansins.
  8. Þegar vélin hefur lokið við hnappagatið, lyftið þið saumfætinum.




1.5



## Hnappagöt með undirleggsþræði (fyrir teygjanleg efni)

Þegar þið saumið hnappagöt á teygjanleg efni mælum við með því að leggja undirleggsþræð undir hnappagötin til að auka stöðugleika og forða því að hnappagötin teygist í sundur.



1. Krækið lykkju af grófum þræði eða perlugarni á krókinn aftan áhnappagatafætinum 5B. Togið endana síðan fram undan fætinum og hnýtið þá saman utan um krókinn framan á fætinum.
2. Saumið hnappagatið. Leggir og heftingar hnappagatsins saumast nú yfir þræðinn.
3. Þegar hnappagatið er fullsaumað lyftið þið þræðinum af krókunum á fætinum og togið til að taka slakann af þræðunum.
4. Krossið endana sem eru fyrir framan nálina, þræðið endana í grófa handsaumanál, og þræðið endana niður á rönguna og hnýtið þá saman.
5. Notið sprettihníf til að opna hnappagatið varlega. Setjið tituprjóna sitt hvoru megin innan við heftingarnar til að fyrirbyggja að þið skerið í þær.



## Tölur festar á flíkur

1. Til að festa tölur á flíkur fjarlægið þið saumfótinn og veljið sauminn fyrir töluáfestingu.
2. Takið flytjarann úr sambandi.
3. Setjið töluna undir fóthölduna. Notið speglunar aðgerðina til að fullvissa ykkur um að götin á tölunni snúi rétt miðað við sveiflu nálarinnar og að breiddin sé rétt fyrir viðkomandi tölu. Ef nauðsyn krefur breytið zik zak breiddinni í samræmi við götin á tölunni.
4. Þið getið aukið við eða fækkað fjölda sporanna sem festa tölunni og þá um 2 spor í einu með því að ýta á vinstri og hægri örvarhnappana á hjólinu.
5. Byrjið að sauma. Vélin saumar sporin og heftir fyrir í lokin og stöðvast síðan.

Ath: Notiðalhliða verkfærið til. að búa til fót undir töluna ef með þarf. Þið getið einnig notað töluáfestifót nr.#820 473-96, sem fæst sem aukalegurfylgihlutur.



## Ístopp og viðgerðir

Þið getið bjargað flíkum með því að stoppa í lítil göt áður en þau verða stærri. Veljið tvinna og tvinnalit sem hentar við þá flík sem gera á við.


1. Setjið efni eða undirlegg undir gatið á flíkinni.
2. Veljið ístoppsspor.
3. Byrjið að sauma beint yfir gatinu..
4. Þegar þið hafið saumað að jöðrunum, ýtið þið á afturábak hnappinn til að ákvarða lengdina á sporinu.

Saumavélin lýkur síðan við sauminn.

5. Það er sjálfgefin stilling að vélin er stillt til að endurtaka sömu stærð af ístopps ferningi. Haldið bara áfram að sauma.

Til að velja aðra lengd af ístoppsspori, veljið þið sporið á nýjan leik og haldið síðan áfram með þrep 3 og 4 hér að ofan.

*Ath: Ístoppssporin er einnig hægt að sauma með hnappagatafætinum 5B. Stillið lengdina á ístoppssporinu með því að toga töluhölduna og setja hnappagatastýringuna niður og saumið síðan.*





1.5

## Faldar á gróf efni

Þegar verið er að sauma falda á mjög þykkum efnum eins og til dæmis á gallabuxum, þá á saumfóturinn oft erfitt með að fara yfir þversauma. Þá er tilvalið að notaalhliða verkfærið til að jafna út hæðina á efninu og faldinum.

Önnur hliðin á verkfærinu er þykkari en hin. Notið þá hlið sem hentar best hverju sinni.



## Bútasaumur

Bútasaumur eða “quilt” samanstendur yfirleitt úr þremur efnislögum, tveimur efnislögum og svo vattefni á milli þeirra.

Til að sauma þessi þrjú lög saman, býður vélin upp á mörg spor og tækni sem þið getið valið á milli.

### Saumur í saumfarið

Notið útsaumsfótinn 1A og notiðefri flytjarann. Með saumi í saumfarið (eða eins og það heitir á ensku “Stitch in the ditch”) þýðir að stýringin á saumfætinum er látin renna eftir saumfarinu á milli efnisbútanna.

Byrjið á því að setja tituprjóna í gegn um öll lögin af efnunum þannig að þeim sé haldið vel saman, og byrjið út frá miðjunni og vinnið ykkur út til jaðranna. Setjið tituprjóna með ca. 15-20 cm. millibili.

*Ath: Þið getið einnig notað aukalega fáanlega “Stitch-in-Ditch” saumfótinn nr. #820 925- 096, en hann er fyrir efri flytjara.*

### ”Crazy quilt” bútasaumur

Skreytið bútasauminn ykkar með skrautlegum saumum. Saumana er hægt að sauma með samlitum eða gjörólíkum lit af tvinna miðað við efnið. Skrautlegar tvinnategundir eins og rayon útsaumstvinni eða grófur baðmullartvinni eru stundum notaðir í þessu.

### Fríhendis ”stippling”

Þessi aðferð heldur ekki aðeins efsta laginu, vattefninu og neðsta laginu saman, en hún bætir einnig áferðina og útlitið á efnunum.

Fríhendis “stippling” er framkvæmd með flytjarann tekinn úr sambandi. Þið færið efnið fríhendis og ákvarðið þannig sporlengdina.

1. Stillið vélina á “stippling” með því að velja beint spor nr. 1.
2. Setjið aukalega fáanlega fríhendis fótinn #820 988-096 en hann er opinn að framan.
3. Takið flytjarann úr sambandi.
4. Festið öll efnin saman með tituprjónum og undirbúið efnið á svipaðan hátt og fyrir saum í saumfarið hér að ofan.

*Ráð! Æfið ykkur á efnisbútum af efni og vattefni. Saumið og færið efnið með jöfnum hraða til að sporin verði sem jöfnust í útliti.*





5. Byrjið nálægt miðjunni á efnunum. Saumið eitt spor og náðið undirtvinnanum upp á réttuna. Saumið nokkur spor til að festa tvinnana.
6. Færið nú efnin þannig að sporin myndi hringiðu. Sporin ættu ekki að fara yfir hvort annað, og ættu að fara í bugðandi hreyfingum.


## Blindfaldur

Blindfaldurinn númer 16 (14 á 1.0) er fyrir ósýnilega falda á pils, buxur og fleira. Notið fót númer 3 fyrir efri flytjara.

1. Gangið frá jaðrinum á faldinum.
2. Brjótið og straujið faldinn yfir á rönguna.
3. Brjótið faldinn aftur út á við þannig að u.þ.b. 1 cm. standi út af faldinum. Rangan á efninu ætti nú að snúa upp.
4. Setjið efnið þannig undir fótinn að brotbrúnin renni eftir stýringunni (A).
5. Þegar nálin sveiflast svo í áttina að faldbrúninni á hún aðeins að taka í efnisbrúnina eða einn þráð af efninu. Ef spörin verða synileg á réttunni stillið þið jaðarstýringuna (A) með því að snúa stilliskrúfunni (B) þar til sporið sem grípur í faldbrúnina sést ekki eða sést aðeins í það.




Blindföldunarspor  
númer 16 (14)



Teygjanlegur  
blindfaldur 17 (15)

## Teygjanlegur blindfaldur

Teygjanlegu blindfaldarnir númer 17 (15 á 1.0) henta vel á teygjanleg efni vegna þess að zik zak spörin í saumunum teygjast eins og efnin sjálf. Saumurinn er saumaður og gengið frá jaðrinum í einum saum. Ekki er þörf á því að ganga frá jaðrinum á þessum efnum.





## Rennilásar saumaðir í flíkur

Hægt er að sauma rennilása í flíkur á mismunandi vegu. Best er að fara eftir ráðleggingum sem fylgja því sniði sem verið er að vinna eftir.

Það á við um allar tegundir lásar að best er að sauma sem allra næst tönnum lásanna. Hægt er að smella rennilásafætinum 4 bæði vinstra og hægra megin á fóthölduna, sem fer eftir því á hvaða hátt þið eigið að sauma lásinn í flíkina.


Stillið nálarstöðuna þannig að nálin stingi niður sem næst tönnum á lásnum, en þið getið valið um 29 nálarstöður í beinum saum. Ef rennilásafætinun er fest hægra megin, verður að færa nálina til hægri, en ef honum er fest vinstra megin þarf að færa nálina til vinstri.



## Algengir sauma sprettigluggar

### Spólan tóm (1.5)


Þegar spólan er að verða tóm, stöðvast vélin sjálfkrafa og sprettigluggi kemur á skjáinn. Skiptið um spólu og ýtið síðan á OK til að halda áfram að sauma.



1.5

### Álag á aðalmótor

Ef þið eruð að sauma mjög þykk efni eða ef vélin verður fyrir einhverju álagi - er t.d. föst vegna tvinnaflækju, getur aðalmótor vélarinnar orðið fyrir of miklu álagi og þá stöðvast vélin. Sprettiglugginn hverfur þegar álagið á mótorinn hefur lagast - e.t.v. eftir að hann hefur kólnað.




# Saumaraðir

Aðgerðin fyrir saumaraðir á vélinni gerir ykkur kleift að setja saman sauma, stafi og spor og mynda þannig samhangandi saumaraðir. Þið getið blandað saman allt að 20 saumum og stöfum í sömu saumaröðina. Þið getið einnig breytt ýmsum sporum að ykkar smekk. Vistið eigin sauma og saumaraðir í vélinni og saumið síðan hvenær sem ykkur dettur í hug að nota saumana.

Hægt er að nota alla sauma og spor í saumaraðir, nema hnappagöt, ístoppspor, sporin fyrir töluáfestingu og heftingar.

## Yfirlit

1. Númer og nafn á núverandi saum
2. Saumflötur
3. Bendill
4. Stimpla inn sauma
5. Spegla hliðarspeglun
6. Spegla enda í enda
7. Hlaða inn saumaröð
8. Vista saumaröð
9. Eyða saum eða saumaröð
10. Sporbreidd/staðsetning
11. Sporlengd/þéttleiki
12. Færa bendil



## Hanna saumaröð


- Ýtið á saumaraðir (4).
- Veljið þann saum sem þið ætlið að nota (sjá bls. 3:1-3:2 um hvernig á að velja sauma). Saumurinn kemur á skjáinn.
- Veljið næsta saum og hann kemur hægra megin við fyrri saum á skjáinn.

### Færa bendilinn (12)

Núverandi staða á saumfletinum er merkt með bendlinum (3). Innsettir saumar verða staðsettir þar sem hann er.

**Fyrir 1.5:** Snertið miðjuna á snertihjólinu. Útlit bendilsins breytist í lárétta línu. Nú er hægt að færa hann eftir saumaröðinni með því að ýta á vinstri og hægri örvarnar á snertihjólinu.

**Fyrir 1.0:** Færið bendilinn í saumaröðinni með því að ýta á vinstri eða hægri örvarnar á hjólinu.




## Stafrófið notað (1.5)

ambition™ 1.5

### Yfirlit yfir stafrófsaðgerð

1. Val á stafrófsgerð/forskoðun á stafagerð
2. Nafn á valinni stafagerð
3. Fellilisti fyrir stafagerð
4. Saumflötur
5. Lyklaborð
6. Breyta stafagerð (hástafir/lágstafir, venjulegir/sérstakir og tákn)
7. Færa bendil
8. Eyða saum eða heilli setningu



### Hanna setningu eða texta

- Snertið stafrófsflipann (A).
- Snertið stafrófsgerðina í efra vinstra horninu (1) til að opna fellilistann yfir veljanlegar stafagerðir. Veljið stafagerð með því að snerta hana. Fellilistinn lokast.
- Snertið stafina á lyklaborðinu (5) til að hanna setningu. Hver stafur verður settur þar sem bendillinn er staðsettur á saumfletinum (4).

Til að færa bendilinn eftir setningunni ýtið þið á örvarnar sem eru í neðri hornum lyklaborðins á skjánum (7).

### Breyta stafagerð

Til að breyta stafagerðinni á milli hástafa og lágstafa, venjulegra eða sérstakra stafa og stafa og númera eða tákna, ýtið þið á stafateiknin sem eru í neðra hægra horninu á lyklaborðinu (6). Ýtið hvað eftir annað til að fletta hratt í gegn um stafasettin.

Ath: Lágstafir eru aðeins í blokkstöfunum.

### Áríðandi athugasemd

Í stafrófsaðgerð verður saumaröð eða stafaröð ekki virk fyrr en fyrsti bókstafurinn hefur verið valinn. Þetta þýðir að saumafleturinn virðist alltaf vera auður þegar þið farið í stafrófsaðgerð. Ef stafaröð hefur verið búin til og þið farið út úr henni og opnið hana á ný, þá er saumafleturinn auður. Röðin verður hins vegar virk á ný um leið og þið veljið bókstaf.

Valinn bókstafur er alltaf settur fyrir aftan síðasta valinn staf.

## Stafrófið notað (1.0)

### Yfirlit yfir stafrófs aðgerðina

1. Val á stafrófsgerð/forskoðun á stafagerð
2. Nafn á valinni stafagerð
3. Saumflötur
4. Lyklaborð
5. Breyta stafagerð (hástafir/lágstafir, venjulegir/sérstakir og tákn)
6. Eyða

### Hanna setningu eða texta

- Snertið vinstri eða hægri örvarhnappana á hjólinu til að fara í stafrófsaðgerð (A).
- Snertið örina upp þar til til þið komið að stafrófs forskoðun (1) efst á skjánum og veljið það. Ýtið á OK (B) til að opna lista yfir fyrirbyggjandi stafróf. Notið örvarhnappana til að fara að því stafrófi sem þið ætlið að nota og ýtið síðan á OK (B) til að velja það.
- Snertið örina niður tvisvar til að fara á lyklaborðið. Notið síðan örvarhnappana til að fara eftir lyklaborðinu og snertið síðan OK (B) til að bæta viðkomandi staf eða tákn í setninguna. Hverjum staf verður bætt þar inn sem bendillinn er staðsettur í stafaröðinni. .

Ath: Valinn stafur á lyklaborðinu verður auðkenndur.

- Þið notið örvarhnappana til að færa bendilinn í röðinni og fara á saumflötinn (3). Notið síðan vinstri eða hægri örvarnar til að færa hann fram og til baka í setningunni

### Veljið stafagerð

Snertið örvarhnappana til að fara að táknunum fyrir stafagerð (5). Snertið OK (B) til að fara á milli stafagerðanna; hástafi eða lágstafi, venjulegra og sérstakra stafa og tölustafa og tákna.



Ath: Lágstafir eru aðeins fyrir hendi í blokkstöfum.

### Áríðandi athugasemd


Í stafrófsaðgerð verður saumaröð eða stafaröð ekki virk fyrr en fyrsti bókstafurinn hefur verið valinn. Þetta þýðir að saumflöturinn virðist alltaf vera auður þegar þið farið í stafrófsaðgerð. Ef stafaröð hefur verið búin til og þið farið út úr henni og opnið hana á ný, þá er saumflöturinn auður. Röðin verður hins vegar virk á ný um leið og þið veljið bókstaf eða ef þið ýtið á táknid fyrir saumaröð (7).

Valinn bókstafur er alltaf settur fyrir aftan síðasta valinn staf.

ambition™ 1.0



ambition™ 1.0



## Breyta sporum

Þið getið speglað, breytt lengd, breidd, þéttleika og staðsetningu nálar í viðeigandi saum.

Þegar þið hafið breytt einhverju gildi, verða þau auðkennd til að sýna að þetta gildi sé ekki sjálfgefið.


**Fyrir 1.5:** Færið bendilinn eins og lýst er á bls.

4:1. Staðsetjið bendilinn fyrir aftan sauminn sem þið viljið breyta. Snertið miðjuna á snertihjólinu. Saumurinn verður auðkenndur. Stillið sauminn eins og lýst er á bls. 3:3-3:4.

Snertið miðjuna á snertihjólinu aftur til að gera bendilinn virkan á ný.

**Fyrir 1.0:** Notið vinstri og hægri örvarnar á hjólinu til að auðkenna þann saum sem þið viljið breyta. Breytið honum í samræmi við lýsingarnar á bls. 3:3-3:4.

*Ath: Breytingar eiga eingöngu við auðkennda sauminn. Ef þið farið aftur í saumaaðgerð, munu allar breytingar sem þið framkvæmið þar hafa áhrif á alla saumaröðina og hún verður ekki vistuð.*




1.5

ambition™ 1.5



Saumaraðir



Stafrófs aðgerð

## Eyða saumum eða stöfum í saumaröð


Til að eyða saum, færið þið bendilinn á þann saum og ýtið síðan á eyða (9) (ruslatunnuna).

Til að eyða allri röðinni af saumfletinum, haldið þið eyðingarhnappnum lengur inni. Sprettigluggi kemur fram og spurt er hvort þið ætlið raunverulega að eyða öllum saumunum. Veljið þá yes/OK. Sprettiglugginn lokast og öllum saumunum verður eytt.


ambition™ 1.0



Saumaraðir



Stafrófs aðgerð




## Sameina texta og skrautsauma

Til að sameina texta og skrautsauma farið þið aftur á saumaröð með því að velja flipann fyrir saumaaðerð (B).

Færið bendilinn eftir textanum og setjið inn skrautsauma þar sem þið viljið hafa þá.

## Umsjón með saumaröðinni

Þið getið vistað og hlaðið saumaröðinni aftur inn í vélina hvenær sem er. Vélin er með fjögur minni þar sem hægt er að vista sauma.



1.5

## Vista saumaröð


Veljið "vista" (8) til að opna fyrir vistunarvalmyndina fyrir saumaraðir. Veljið eitt af fjórum minnunum. Valiðminni verður nú með ramma í kring. Staðfestið valið með því að ýta á OK (C).

Ef minnið er þegar orðið fullt, kemur sprettigluggi á skjáinn og spyr hvort þið viljið skrifa yfir það sem er í minninu og eyða því sem var þar fyrir. Veljið OK/yes (C) til að skrifa yfir eldri sauminn, eða veljið cancel/no (D) til að loka glugganum án þess að vista sauminn.


**Fyrir 1.5:** Til að loka fyrir vistunarvalmyndina snertið þið "cancel" (D).

**Fyrir 1.0:** Til að loka fyrir vistunarvalmyndina snertið þið "save" hnappinn (8).

ambition™ 1.5



ambition™ 1.0



## Hlaða inn saumaröð


Veljið “hlaða inn” (7) til að opna hleðslu valmyndina. Veljið þá saumaröð sem þið ætlið að nota. Valiðminnisnúmer er með ramma í kring. Staðfestið val ykkar með því að ýta á OK (C).

Saumaröðin kemur nú fram í saumaadgerð og er tilbúin fyrir sauma.


**Fyrir 1.5:** Til að loka fyrir hleðsluvalmyndina snertið þið “cancel” (D).

**Fyrir 1.0:** Til að loka fyrir hleðsluvalmyndina snertið þið hleðslu hnappinn (7).

ambition™ 1.5



ambition™ 1.0




## Sauma saumaröð

Til að sauma saumaröð farið þið aftur í saumaröð með því að ýta á hnappinn fyrir saumaraðir (4) eða stígið á fótmótstöðuna. Saumaröðin er tilbúin.


Til að sauma röðina aðeins einu sinni setjið þið inn heftingu í endann á henni. Sjá bls. 3:5.

*Ath: Breytingar sem þið framkvæmið á meðan þið eruð í saumaadgerð hafa áhrif á alla saumaröðina. Þessar breytingar verða hins vegar ekki vistaðar þegar þið farið aftur í saumaröðina.*

ambition™ 1.5



ambition™ 1.0



# Viðhald


## Hreinsun á vélinni

Til að vélin ykkar vinni vel og rétt þarf að hreinsa hana oft. Það þarf aldrei að smyrja þessa saumavél. Þurrkið af vélinni utanverðri með mjúkum klút til að fjarlægja ryk eða ló sem hefur safnast á hana. Hreinsið skjáinn einnig með mjúkum en aðeins rökum klút.

### Hreinsað í kring um spólusvæðið.

 *Ath: Setjið nálina í efstu stöðu, takið flytjarann úr sambandi og slökkvið á vélinni.*

Fjarlægið saumfótinn. Ýtið á hnappinn (A) til að losa um lokið yfir gríparanum og fjarlægið lokið og spóluna. Notiðskrúfjárn til að losa um skrúfurnar tvær (C) sem eru í stingplötunni og fjarlægið plötuna.



Hreinsið flytjarann og gríparasvæðið með burstanum sem er með fylgihlutunum.


### Hreinsið undir spólusvæðinu

Hreinsið svæðið undir spólusvæðinu eftir að hafa saumað í einhvern tíma eða þegar þið takið eftir því að ló hefur safnast fyrir á svæðinu.

Fjarlægið spóluhölduna, með því að lyfta henni upp. Hreinsið svæðið síðan með burstanum eða með hreinum og mjúkum klút.


Setjið spóluhúsið aftur í gríparann og þannig að hakið á því sé á móts við stopparann (D).

*Ath: Blásið ekki lofti í gríparasvæðið. Rykið og lóin myndi þá fara inn í vélina.*



## Stingplatan sett á

Með flytjarann úr sambandi, setjið þið stingplötuna á sinn stað og festið henni með skrúfunum tveim. Setjið síðan lokið yfir spólusvæðið á sinn stað.



## Gangtruflanir og ráð við þeim

Í eftirfarandi lista finnið þið vonandi ráð við trufunum sem geta alltaf komið upp. Ef þið ráðið ekki við truflanirnar, þá hafið samband við PFAFF® þjónustuna.

### Vandamál/orsök

### Úrlausn

#### Almennar truflanir

|                                                       |                                                                                                                                                                                                             |
|-------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Spólu viðvörunin virkar ekki (1.5)                    | Hreinsið ló úr spólusvæðinu                                                                                                                                                                                 |
| Efnið færast ekki                                     | Fullvissið ykkur um að flytjarinn sé í sambandi                                                                                                                                                             |
| Rangur saumur, óreglulegur eða mjór saumur ?          | Takið öryggi fyrir tvíburanál eða saumbreidd úr sambandi í stillivalmyndinni                                                                                                                                |
| Nálin brotnar?                                        | Er nálin rétt sett í nálarhölduna, Sjá bls. 2:9.<br>Notið rétta nál fyrir viðkomandi efni                                                                                                                   |
| Vélin saumar ekki?                                    | Athugið hvort allir tenglar séu rétt tengdir, bæði í vél og veggtegill<br>Ýtið spólaranum í saumastöðu.                                                                                                     |
| Hnapparnir bregðast ekki við þegar þeir eru snertir ? | Hnapparnir geta verið viðkvæmir fyrir stöðurafmagni. Ef hnapparnir svara ekki snertingu, slökkvið þá á vélinni og kveikið á henni aftur. Ef vandamálið leysist ekki hafið þá samband við PFAFF® þjónustuna. |
| Tákn á skjánum virka ekki þegar þau eru snert ? (1.5) | Kvarðið skjáinn. Kvörðun (Calibration) finnið þið í stillivalmyndinni.                                                                                                                                      |

#### Vélin hleypur yfir spor

|                                     |                                                                                    |
|-------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|
| Er nálin rétt sett í nálarhölduna ? | Setjið nálina rétt í hölduna, sjá bls. 2:9.                                        |
| Er nálin af réttri gerð ?           | Notið aðeins nálar 130/750 H.                                                      |
| Er nálin bogin eða oddlaus ?        | Setjið nýja nál í hölduna                                                          |
| Er vélin rétt þrædd ?               | Yfirfarið þræðinguna                                                               |
| Er réttur saumfótur á vélinni ?     | Setjið réttan saumfót á vélina                                                     |
| Er nálin of fín fyrir tvinnann ?    | Fullvissið ykkur um að nálin sé rétt fyrir tvinnann og efnið sem verið er að sauma |

#### Yfirtvinninn slitnar

|                                                    |                                                                  |
|----------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------|
| Er nálin rétt sett í nálarhölduna ?                | Setjið nálina rétt í sjá bls. 2:9.                               |
| Er röng gerð af nál í vélinni ?                    | Notið eingöngu nálar 130/750 H.                                  |
| Er nálin bogin eða oddlaus ?                       | Setjið nýja nál í vélina                                         |
| Er vélin rétt þrædd ?                              | Farið yfir þræðinguna                                            |
| Er nálin of fín fyrir tvinnann ?                   | Notið réttan grófleika af nál fyrir viðkomandi tvinna            |
| Er tvinninn gamall, þurr eða hnökróttur ?          | Notið aðeins gæðatvinna og geymið hann ekki of lengi             |
| Er rétt skífa notuð fyrir viðkomandi tvinnakefli ? | Notið rétta stærð af skífu fyrir tvinnakeflið                    |
| Er notuð rétt staða á keflispinnanum ?             | Lóðrétt fyrir trékefli - lárétt fyrir pappaspólur og lítil kefli |
| Er nálargatið í stingplötunni skemmt ?             | Skiptið um stingplötu.                                           |

| Undirtvinninn slitnar                  |                         |
|----------------------------------------|-------------------------|
| Er spólan rétt sett í vélina ?         | Yfirfarið spólutvinnann |
| Er nálargatið í stingplötunni skemmt ? | Skiptið um stingplötu   |
| Er svæðið í kring um spóluna hreint ?  | Hreinsið spólusvæðið    |
| Er rétt spólað á spóluna ?             | Spólið rétt á spóluna   |

| Saumurinn er ójafn                                       |                                           |
|----------------------------------------------------------|-------------------------------------------|
| Er tvinnaspennan rétt stillt ?                           | Athugið yfirtvinnaspennuna og þræðinguna. |
| Ertu að nota of grófan og hnökróttan tvinna ?            | Skiptið um tvinna                         |
| Er spólutvinninn ójafn og ekki rétt spólaður á spóluna ? | Yfirfarið                                 |
| Er rétt nál notuð ?                                      | Notið eingöngu réttar nálar sjá bls. 2:9. |

### Látið fara yfir saumavélina ykkar með reglulegu millibili hjá PFAFF® þjónustunni.

Ef þið hafið farið yfir öll atriðin í þessum lista og hafið ekki getað leyst vandamálið, hafið þá samband við eða farið með vélina til PFAFF® þjónustunnar. Ef þið eruð með ákveðið vandamál þá getur verið mikil hjálp í því að sjá prufu sem þið hafið saumað á afgangsefni með þeirri nál og þeim tvinna sem þið voruð að nota. Slík prufa getur oft sagt meira en mörg orð !

### Notið aðeins "original" PFAFF® hluti

Ábyrgðin á vélinni fellur niður ef aðrir en "original" PFAFF® vara eða fylgihlutir eru notaðir í eða með vélinni.

Við áskiljum okkaur rétt til að breyta hönnun vélarinnar og þeim fylgihlutum sem fylgja henni án fyrirvara.

Slíkar breytingar munu hins vegar ávallt verða viðskiptavinum okkar til hagræðis.

### Eignarréttur á hugverkum

PFAFF, AMBITION og IDT eru vörumerki í eigu KSIN Luxembourg II, S.ar.l.



[www.pfaff.com](http://www.pfaff.com)